

Alþingi
Nefndasvið
v/ Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. mars 2019
Tilvísun: 2019030013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingastarfsemi og lögum um váttryggingasamstæður (reglugerðir og reglur), 632. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvubréfs nefndasviðs Alþingis, dags. 11. mars 2019, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi og váttryggingasamstæður (reglugerðir og reglur), 632. mál.

Fjármálaeftirlitið telur rétt að benda á eftirfarandi atriði varðandi 1. gr. frumvarpsins en ákvæðið gerir ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitið setji reglur þar sem fram koma upplýsingar um áhættulausan vaxtaferil fyrir viðeigandi gjaldmiðla til að reikna besta mat váttryggingaskuldar vegna ársfjórðungslegra gagnaskila. Í 2. mgr. er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið skuli birta upplýsingar skv. 1. mgr. á vefsíðu sinni.

Eins og kemur fram í frumvarpinu er þessi breyting lögð til þar sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) telur það ekki fullnægjandi innleiðingu á þeim framkvæmdarreglugerðum sem um ræðir að Fjármálaeftirlitið birti eingöngu upplýsingarnar sem fram koma í þeim á vef Fjármálaeftirlitsins eins og framkvæmdin er nú. Um er að ræða framkvæmdarreglugerðir sem gefnar eru út ársfjórðungslega og innihalda töflur með tölulegum upplýsingum sem váttryggingafélög eiga að nota við útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldþoli. Í frumvarpinu er lagt til að að framkvæmdarreglugerðirnar verði framvegis innleiddar með reglum Fjármálaeftirlitsins.

Í desember 2018 samþykkti Sameiginlega EES nefndin nýtt fyrirkomulag, svokallað flash-track ferli, sem gildir m.a. um upptöku í EES-samninginn á framangreindum framkvæmdarreglugerðum. Var þetta nýja ferli samþykkt í þeim tilgangi að freista þess að upplýsingarnar sem reglugerðirnar innihalda væru ekki orðnar úreltar þegar búið væri að taka reglugerðirnar upp í EES-samninginn. Flash-track ferlið er miklu fljótvirkari en fyrri upptökuaðferðir. Það er samt sem áður svo að eins og staðan er núna þá er ekki búið að leysa vandamálið varðandi það að gerðirnar séu innleiddar á réttum tíma (þ.e. fyrir „compliance date“) þrátt fyrir að gerðirnar séu nú teknar mun fyrir upp í EES-samninginn en áður.

Fjármálaeftirlitið bendir á að að umrædd lagabreyting muni heldur ekki leysa framangreint vandamáli. Það er vegna þess að þýðing gerðanna mun teyja það að Fjármálaeftirlitið geti innleitt framkvæmdarreglugerðirnar innan tímarammans þar sem ekki er hægt að innleiða gerðirnar fyrir en þýðingin hefur verið birt í EES-viðbæti Stjórnartíðinda.

Fjármálaeftirlitið telur því mikilvægt að lagaheimildin kveði á um það að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að vísa til birtingar á framkvæmdarreglugerðunum í Stjórnartíðindum



Evrópusambandsins á ensku. Samskonar heimild er að finna í Ákvæði til bráðabirgða III. í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Í því samhengi er rétt að benda á tvennt.

1. Gerðirnar varða ekki almenning heldur eingöngu fáa sérhæfða aðila sem nú þegar notast í framkvæmd við enska útgáfu þessa efnis á heimasíðu Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar (EIOPA).
2. Efnislega geyma þær eingöngu upplýsingar um framkvæmd útreiknings vegna tilkynningaskyldu sem þegar er í íslenskum lögum.

Upplýsingarnar sem um ræðir eru s.s. fyrst og fremst töflur sem fáir aðilar þurfa að nýta sér í starfsemi sinni. Á þennan hátt þarf ekki að bíða eftir þýðingu á gerðunum og Fjármálaeftirlitið getur í raun innleitt gerðirnar óháð því hvort búið er að taka þær upp í EES-samninginn og farið að beita þeim á þeim tíma sem þær hafa gildi. Þá leggur Fjármálaeftirlitið til að orðin „til að reikna“ komi í stað orðins „um“ í tillögunni, en það er í samræmi við ákvæðið eins og það er nú. Því leggur Fjármálaeftirlitið til að orðalag ákvæðisins verði eftirfarandi:

1. gr.

78. gr. laganna verður svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið setur reglur þar sem fram koma upplýsingar um áhættulausan vaxtaferil fyrir viðeigandi gjaldmiðla til að reikna besta mat váttryggingaskuldar vegna ársfjórðungslegra gagnaskila. Við setningu reglnanna er Fjármálaeftirlitinu heimilt að vísa til birtingar á framkvæmdarreglugerðum sem innihalda upplýsingarnar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins á ensku.


Fjármálaeftirlitið birtir upplýsingar skv. 1. mgr. á vef sínum.


Til viðbótar við framangreinda ábendingu vegna frumvarpsins telur Fjármálaeftirlitið mikilvægt að koma á framfæri ósk um ákveðna breytingu á 1. málslið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi sem Fjármálaeftirlitið telur mjög brýnt að gera sem allra fyrst. Í ákvæðinu er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið skuli skipa þriggja manna slitastjórn til að sjá um slitameðferð félags. Ákvæðið hefur valdið vandkvæðum í beitingu því það kemur í veg fyrir að færri en þrjú geti setið í slitastjórn. Þó svo að í upphafi slitameðferðar váttryggingafélags sé nánast undantekningarlaust þörf á þriggja manna slitastjórn er ekki endilega svo að þess þurfi til loka slitameðferðar, sem getur tekið fjölmörg ár vegna lengdar á kröfufylsingarfresti váttrygginga. Fjármálaeftirlitið telur því nauðsynlegt að orðalagi ákvæðisins verði breytt á þann hátt að það kveði á um að Fjármálaeftirlitið skuli skipa allt að þriggja manna slitastjórn. Að öðrum kosti getur launakostnaður slitastjórnarmeðlima orðið óhóflega stór hluti rekstrarkostnaðar félags og endað á því að rýra það sem eftir stendur fyrir kröfuhafa félagsins, s.s. váttryggingartaka og váttryggða. Haft hefur verið samráð við fjármála- og efnahagsráðuneytið vegna þessarar breytingartillögu.

Þessu til stuðnings má benda á að í lögum um fjármálafyrirtæki er kveðið á um að í slitastjórn skulu sitja allt að fimm menn, sbr. 4. mgr. 101. gr. laga nr. 161/2002

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Anna Mjöll Karlsdóttir


Guðrún Finnborg Þórðardóttir